

Umræður, 2. fundur 3. maí

Í pallborði sitja Ólafur Páll Jónsson dósent við Menntavísindasvið, Kristín Vala Ragnarsdóttir, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og Sigurjón Mýrdal, deildarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Umræðan hefst á því að fundargestur beinir máli sínu til Kristínar Völu. Vísar í að erindi hennar þar sem fram kom að við þyrftum að komast út úr fagkössunum. Hann spyr hvernig hún telji að við eigum að fara að því, þegar við höfum þvert á móti stækkað þá.

Kristín Vala nefnir umhverfisdaga í skóla, þar sem allir kennarar skólans, t.d. stærðfræði, myndmennta og líffræði kennarinn vinna saman, ásamt börnunum að verkefni um það hvernig hægt væri að minnka koltvísýring. Kristín Vala vill undirstrika mikilvægi þessa að börn vinni verkefnavinnu, í stað þess að vera mötuð á staðreyndum.

Fundargestur áréttar að hann hafi fyrst og fremst átt við Háskóla Íslands. Hvernig eigi að komast upp úr fagkössunum þar. Kristín Vala segist vera byrjuð að vinna að samstarfi um sjálfbærni á sínu sviði í HÍ, en áhuginn sé mismikill.

Fyrirspurnir úr sal:

Annar fyrirspyrjandi segist lesa mál frummælenda þannig að hugsa þurfi málið upp á nýtt og spyr hvort þeim sýnist þær hugmyndir sem þau hafa kynnt kalla á mikla endurskoðun á menntun og sérstaklega kennaramenntun.

Þeirri spurningu er beint til Sigurjóns Mýrdal hvort ekki verði að samþætta faggreinina og greinina sem kennslugrein? Jafnframt telur fyrirspyrjandi að við þurfum að líta okkur nær hvað varðar sjálfbærni og skoða umgengni í okkar eigin ranni. Beinir því næst máli sínu til Ólafs Páls varðandi fullyrðingu hans um það að þeir sem stjórnuðu hruninu hefðu verið háskólamenntaðir og bendir á að þeir sem vöruðu við hruninu hafi líka verið háskólamenntaðir. Spyr hvort menntunin geti stjórnað því hvernig er farið með hana.

Spurt er af hverju við getum ekki gert eitthvað af því sem leikskólastigið gerir hér í háskólanum. Varðandi stofnanir sé lykilatriði að stjórnunin sé sjálfbær, við getum ekki sagt að sjálfbærni sé svo flókin í háskólanum að við getum ekki byrjað á því. Við eigum að byrja á að skilgreina hvernig við sjálf lítum á sjálfbærni og hvaða skef við viljum stíga. Byrja smátt.

Næsti fyrirspyrjandi spyr hvort aukin samþætting í náminu hér mundi opna fyrir að þeir þættir sem frummælendur töluðu um næðust fram í náminu.

Svör úr pallborði:

Sigurjón Mýrdal svarar að það sé ekki nóg að „fást við“ mikilvæg efni. Nefnir t.d. jafnrétti og lýðræði. Mikilvægast er að huga að breytingum, að framkvæma það sem maður er að prédika. Breyta skólastarfinu. Það er líka mikilvægt að færa sig út úr „fagkössunum“. Hlutverk okkar er að búa nemendur okkar undir lífið. Ef stærðfræði t.d. stuðlar að menntun, þá kennum við þá stærðfræði sem hjálpar nemendunum að fást við lífið. Hann telur mikilvægt að gera greinarmun á faggrein og

kennslugrein. Við erum að vinna með fræði til að geta kennt nemendum. Kennarar þurfa að kunna fræðigreinina til að geta nýtt aðferðir hennar í kennslu, nýtt t.d. aðferðir sagnfræðinnar í kennslu.

Ólafur Páll Jónsson: Já þetta kallar á breytingar en það kallar líka á nýja þekkingu. Að vera vísindamaður er siðferðileg staða sem ekki má vanrækja. Gerir háskólamenntun okkur að betra fólki? Nei, en fullt af góðu fólki aflar sér háskólamenntunar. Um aðferðir leikskólakennslu í háskólanum: Leikskólinn er framsæknasta skólastigið af því að þar hefur verið lögð áhersla á menntun fremur en fræðslu. Um samþættingu og hvernig megi koma erindi fyrirlesara til skila í námi við Mvs: Við kennararnir þurfum að tala saman, þurfum að treysta nemendum og fá þeim verðug verkefni.

Kristín Vala: Það á að vera gaman á öllum skólastigum. Við þurfum að læra af þeim löndum sem eru komin lengra en við, t.d. Svíþjóð og Nýja Sjáland. Telur að samþætting sé nauðsyn. Sjálfbærni á ekki bara við um umhverfismál, heldur líka hagkerfið, velferð einstaklinga og allt samfélagið.

Spurningar úr sal:

Spurt er: Hvað teljið þið að stjórnvöld þurfi að gera til að ná þeim markmiðum sem þið settuð á oddinn? Leikskólinn stendur utan við tækni- og markaðshyggjuna. Hann er laus undan PISA - könnunum og öðrum mælistikum- og markaðshugsun. Hvernig getum við losað hin skólastigin undan markaðshugsuninni?

Er menntavísindasvið menntakerfi eða fræðslukerfi? Erum við orðin þess vanmegnuð að mennta fólk?

Hvaða breytingar þurfa að eiga sér stað hér í þessari stofnun? Hvernig á að framkvæma breytingar inni í kennslustofum hér við sviðið, eða er lykilatriðið vettvangsnámið? Hver á þáttur vettvangsnámsins að vera í kennaramenntun á Íslandi?

Svör úr pallborði:

Kristín Vala: Menntamálaráðuneytið getur ekki sagt háskólunum hvað þeir eigi að gera, af hverju ekki? Fólk á Íslandi er orkuprjótur. Við þurfum að breyta því hvernig við hugsum til að vera fyrirmyndir. Kennarar sem kenna þessi mál þurfa líka að vera fyrirmyndir fyrir nemendum. Jeppar og flugferðir kennara, hvernig fyrirmyndir eru það? Það þarf að hugsa það.

Ólafur Páll: Ráðuneytið þarf að losa okkur úr kubbahugsuninni. Góð byrjun væri að endurskoða reglugerð um inntak kennaramenntunar. Það var gott að ráðuneytið setti fram grunnstoðirnar fimm, en ef þær eru ekki útfærðar sem praktískar ráðleggingar til kennara, eru þær orðin tóm. Við þurfum menntastefnu sem er ekki bara fallegur inngangur sbr. aðalkafla aðalnámskrár sem síðan er andmælt í öðrum köflum. Margt fólk í skólunum kann að mennta fólk og kemur hingað inn í skólann. Við þurfum að styðja við það fólk sem vill kenna og ekki annað.

Sigurjón: Þáttur vettvangsnámsins á að vera mikill. Hvað er vettvangsnám? Grundvallarþáttur að takast á við raunhæf verkefni og það gerir maður best á vettvangi. Hverjir eru það sem mennta kennara? Kennaranámið hefst raunverulega þegar kennaraefnið byrjar að kenna. Kennaramenntunin er ævilangur ferill, háskólanámið er bara upphafsstefið. Símenntun skiptir máli. Við þurfum að skoða kúltúr en ekki bara strúktúr. Byggja á þeim kúltúr sem til er í kerfinu og styðja kennara við það.